

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 106/2002

frá 12. júlí 2002

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2002 frá 31. maí 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/6/EB frá 18. febrúar 2002 um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjum bandalagsins ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 56k (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/96/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„56l. **32002 L 0006**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/6/EB frá 18. febrúar 2002 um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjum bandalagsins (Stjtið. EB L 67, 9.3.2002, bls. 31).“

2. gr.

Texti tilskipunar 2002/6/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 238, 5.9.2002, bls. 18 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 44, 5.9.2002, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 67, 9.3.2002, bls. 31.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 13. júlí 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 12. júlí 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Gunnar Snorri Gunnarsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.